

3.

Á ALDARAFMÆLI VERZLUNARFRELSIS.

Án efa hættir oss Íslendingum til að miklast af fleiru en efni standa til. En ekki er oss þó tíðrætt um það þölgæði og þrautsegju, sem einþennt hefur lífsbaráttu Íslendinga allt frá landnáms tíð. Myndi þó þjóðin ekki vera sjálfstæð menningarþjóð í dag og raunar ekki þjóð, ef hún hefði eigi verið búin einmitt í þessum kostum í óvenju ríkum mæli.

Ekki er vitað að nokkur önnur þjóð hafi búið í nær 11 aldir svo fámenn og við jafn torsótt gæði í svo stóru landi sem vér höfum gert. Barizt þar við elda og ísa, drepsóttir, sundurlyndi, ófrelsi og erlenda ánauð, en risið síðan upp voldug og sterk, miðað við aðstöðu og mannfjölda, átt sér auð stórra og fagura hugsjóna og athafnaþrá og þrek til að bera þær fram til sigurs.

Íslendingar mega vel miklast af þessu meðan þeir gæta þess að sjálfsdáðunun yfir unnum afrekum genginna kynslóða skyggi ekki á skyldu þeirra í nútíð og framtíð gagnvart þeim er þrengingar þoldu.

Ef til vill greinir menn á um, hver af þeim fjendum, er að oss hafa sótt, hafa verið hættulegastúr íslenzku þjóðfrelsi og þjóðlífi. En á því leikur enginn efi, að fátt eða ekkert er á daga vora hefur drifið hefur komist nær því að skapa hér landauðn en verzlunarfrjótrarnir, sem Íslenzka þjóðin var lögð í á öndverðri seytjándu öld og ekki voru afhöggðir að fullu fyrr en rúmlega hálfri þriðju öld síðar, er lög um siglingar og verzlun á Íslandi tóku gildi hinn 1. apríl 1855

og var þó enn fátæktin þjóðinni fjötur um fót.

Um þetta vitnar öll saga Íslendinga.

Hér skal þess ekki freistað að færa rök að þessu, ~~eð~~ vart að vænta að nokkur reyni til að véfengja það. En nokkrar bendingar um sannleiksgildi þessarar staðhæfingar gefur það, að á þessari einu öld, sem liðin er frá því að Íslendingar öðluðust verzlunarfrelsið hafa framfarirnar hér á landi ef til vill orðið tíu sinnum tífaldar við framfarir tífalda, eða allt frá landnámstíð og fram til þess tíma er síðasti hlekkur verzlunaránaúðarinnar var brotinn af þjóðinni. Ekkert skal um það fullyr hversu gildur er þáttur verzlunarfrelsisins í framförunum, heldur aðeins staðhæft að án hans hefðu framfarirnar litlar eða engar orðið. Er þetta sagt án ádeilu á aðra og þeim fyrirgefið, sem vildu vel en gerðu illt.

Í dag fagna Íslendingar aldarafmæli verzlunarfrelsis. Margs er að minnast. Mörgum þakkir að gjalda. En hæst gnæfa þeir Skúli Magnússon og Jón Sigurðsson. Hafa þeir hlotið að launum ást og virðingu allra Íslendinga fyrr og síðar.

En auk brautryðjendanna ber í dag alveg sérstaklega ða beina þakklætinu til íslenzkra kaupþýslumanna, jafnt þeirra er séð hafa og sjá landsmönnum fyrir aðfluttum nauðsynjum sem hinna, er annast sölu og útflutning íslenzkrar framleiðsluvöru. Hafa þessir menn unnið mikið afrek, er þeir hrifu verzlun landsmanna úr höndum útlendinga og færðu hana í íslenzkar hendur. Eiga margir þeirra skilið sess á æðri bekk íslenzkra athafan og framfaramanna, þótt sumir hafi fremur galdið þess haturs á kaupamnsheitinu, sem lifir í hugum þjóðarinnar frá einokunartímunum en hins að hafa gert þann hóp manna landrækan, er áður mergsaug þjóðina.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur frá öndverðu verið brjóst-
vörn verzlunarfrelsis í landinu. Hann þekkir bezt og
metur mest gildi frelsis og þeirrar atorku, er grær og þróast
skjóli þess. Hann skilur öðrum betur hvers virði verzlunar-
mannastéttin er þjóðinni.

Fyrir því leyfi ég mér í dag í nafni Sjálfstæðisflokksins
að minnst með hlýhug allra þeirra er kaupsýslu stunda og
verzlunarstörfin vinna, þakka þeim ágæt og þjóðholl störf
og óska þeim alls velfarnaðar í mikilvægri þjónustu þeirra
í þágu þjóðarheildarinnar, en þó síðast og mest þess að
frelsið verði hvorki afnumið né skert, heldur aukið, eftir
því sem auðið er.

(Mbl. 1. apríl 1955).